

**Reykjavíkurborg**  
**annars vegar**  
**og**  
**Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar**  
**hins vegar**  
**gera með sér svofellt**  
**samkomulag**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**Forsendur og markmið**

Frá því að aðilar gerðu kjarasamning í nóvember 2008, hafa þeir tekið þátt í viðræðum allra aðila vinnumarkaðarins um víðtækan stöðugleikasáttmála. Sá sáttmáli liggur nú fyrir og markmið hans auk endurreisnar efnahagslífsins er m.a. að verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um störf starfsmanna eins og aðstæður frekast leyfa og styrkja stöðu þeirra tekjulægstu.

**1. grein**  
**Gildistími**

Núgildandi kjarasamningur aðila, sem gildir til 31. ágúst 2009 framlengist til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. grein**  
**Launataxtar**

Launatafla skv. grein 1.1.1 breytist 1. júlí 2009, 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010:

Sjá fylgiskjal 1

**3. grein**  
**Lágmarkslaun**

Frá undirskrift þessa samnings gildir það viðmið að starfsmaður, sem unnið hefur samfellt í 4 mánuði eða lengur, skal eigi taka lægri laun fyrir fullt starf og hlutfallslega eftir starfshlutfalli en sem hér segir:

Frá 1. júlí 2009	kr. 156.750
Frá 1. nóvember 2009	kr. 163.500
Frá 1. júní 2010	kr. 170.000.

Þetta ákvæði á ekki við um sérstök átaksverkefni. Með átaksverkefnum er átt við störf sem stofnað er til vegna sérstakra verkefna Reykjavíkurborgar sem ekki eru hluti venjubundinnar starfsemi borgarinnar og falla utan starfsmats.

#### **4. grein**

##### **Desemberuppbót**

Desemberuppbót skv. gr. 1.7.3 verður sem hér segir:

Á árinu 2009 kr. 51.000.

Á árinu 2010 kr. 52.000

#### **5. grein**

##### **Orlofsuppbót**

Orlofsuppbót skv. gr. 4.2.2 verður sem hér segir:

Á árinu 2010 kr. 25.800.

#### **6. grein**

##### **Starfsendurhæfingarsjóður**

Í lok 14. kafla bætist við grein 14.10 Starfsendurhæfingarsjóður. Grein 14.10.1 orðist svo:  
Iðgjald launagreiðanda í Starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.  
Bókun 2 úr síðasta samningi fellur niður með þessari breytingu.

#### **7. grein**

##### **Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 14. ágúst 2009 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 6. júlí 2009

F.h. Reykjavíkurborgar

Með fyrirvara um samþykki borgarráðs:

F.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

með fyrirvara um samþykki félagsmanna:

## **Yfirlýsing**

Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlega áfram að þeim málum sem fram koma í bókunum og fylgiskjólum sem gerðar voru í síðustu kjarasamningum. Vegna aðstæðna í efnahagsmálum er aðilum ljóst að niðurstaða þeirrar vinnu má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir Reykjavíkurborg.